



Reykjavík 26. apríl 2013

Eftirfylgni vegna athugunar Fjármálaeftirlitsins á starfsemi Lífeyrissjóðs bankamanna

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á fjárfestingum og fjárfestingarákvörðunum hjá Lífeyrissjóði bankamanna. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan tiltekinna tímamarka. Í kjölfarið, eða þann 11. desember 2012, birti Fjármálaeftirlitið gagnsæistilkynningu þar sem gerð var grein fyrir helstu athugasemdum stofnunarinnar við starfsemi félagsins. Fyrri tilkynningu má nálgast [hér](#).

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að stjórn félagsins fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram komu í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda barst eftirlitinu í febrúar 2013. Það er mat Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af greinargerðinni, að lífeyrissjóðurinn hafi brugðist við þeim ábendingum og athugasemdum sem gerðar voru.